



Hafnarnefndarfundur

Miðvikudaginn 26. júní 2013 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 10.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Guðjón Guðjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur hafnarinnar

Fyrir fundinum lá ársreikningur Skagastrandarhafnar. Rekstrartekjur hafnarsjóðs voru 53.053 þús. en rekstrargjöld 30.656 þús. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 22.397 þús. Í árslok 2012 hvíldu ekki langtímaskuldir á hafnarsjóði. Hafnarnefnd ræddi ársreikninginn en gerði ekki athugasemdir við hann.

2. Útboð – lenging Miðgarðs harðviðarbryggja

Fyrir fundinum lágu útboðsgögn vegna lengingar Miðgarðs með harðviðarbryggju skv. ákvörðun hafnarnefndar á fundi 10. janúar sl. Lengd fyrirhugaðrar bryggju er 40 m og í útboðsgögnum kemur fram að verkið er fólgið í að vinna jarðvegsvinnu við fyllingu og grjótvörn, steypa landvegg, reka 28 bryggjustaura og byggja 320 m² bryggju úr asobe harðvið. Ekki lá fyrir uppfærð kostnaðaráætlun frá þeirri sem lá fyrir fundi hafnarnefndar 10. janúar sl. en þá kom fram að kostnaður við verkið er áætlaður 41,4 milljónir án VSK. Kostnaðarskipting hafnar og ríkis er þannig að höfnin greiðir 60% eða 24,8 milljónir. Hafnarnefnd fór yfir og ræddi fyrirbyggjandi gögn og gerði athugasemdir við einstök atriði sem sveitastjóra var falið að koma á framfæri áður en verkið verður boðið út. Hafnarnefnd samþykkti að verkið yrði boðið út í samstarfi við Siglingastofnun.

3. Önnur mál.

Miklar umræður urðu um aðstöðu fyrir smærri báta og möguleika til að bæta hana. Ekki varð formleg niðurstaða úr umræðunni önnur en að haldið verði áfram að skoða möguleika í þeim efnum. Rætt var um dýpi í höfninni og dýptarmælingar og þörf á dýpkun. Fram kom að samanburður á breytingum á dýpi er vinnslu og verður lagður fram þegar hann liggur fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11.15

Adolf H. Berndsen, Guðjón Guðjónsson,

Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson

Magnús B. Jónsson